

Fundargerð stjórnar BÍS 17/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 14. september 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð stjórnar, starfsyfirlit skrifstofu og formanns fræðsluráðs og fundargerðir fararstjórnar Jamboree og skátaheitisnefndar lágu frammi.
3. Starfsreglur stjórnar: Umræðu frestað.
4. Kynning á dagskrárvef, félagatali og skráningargrunni landsmóts: Frestað.
5. Friðarráðstefna: BB og HGH sögðu frá vinnu undirbúningshópsins og ákveðið var að BB tæki sæti HGH í honum vegna anna HGH. Samþykkt að leita eftir samstarfi og stuðningi World Scout Foundation.
6. Fjárlög ríkisins: Ekki liggur fyrir hvernig tillögum um stuðning við BÍS verður komið fyrir í fjárlagafrumvarpi 2012 og nauðsynlegt að fylgja máli okkar vel eftir.
7. Siðameistari BÍS: Samþykkt að skipa vinnuhóp til að fara yfir verkefnið.
8. WOSM – Youth empowerment: Una Guðlaug Sveinsdóttir, hefur að beiðni BB verið að skoða þessi mál og eru tillögur frá henni væntanlegar innan tíðar.
9. Vinnufundur stjórnar: Ræddar voru hugmyndir að dagskrá. Umræðu frestað til næsta fundar.
10. Innleiðing nýs starfsgrunns:
 - a. Útgáfa: BB upplýsti að vonast sé til að allt efni verði komið út eftir 3 vikur.
 - b. Kynningarfundir: Hafa gengið vel. Haldin hafa verið tvö námskeið og nú er að hefjast námskeiðahald í skátafélögunum.
 - c. Næstu skref: Svæðisforingjar hafa verið ráðnir og nú þarf að „mennta“ þá. 9 félög hafa skrifað undir samning. Stýrihópur mun fara yfir verðlagningu námskeiða.
11. Fullorðnir í skátastarfi: Rætt var á hvaða nótum halda ætti áfram því starfi sem hófst í fyrra með vinnuhópi sem skilaði af sér á Skátapiþingi. HS og ÓP undirbúa tillögu fyrir næsta fund.
12. Samstarf við Scouting Ireland vegna upplýsinga- útgáfu-, dagskrár- og fræðslumála. Samstarfsverkefni um „The Crean Challenge expedition“: BAÁ kynnti hugmyndir Íranna um samstarf við BÍS um árlega leiðangra á Íslandi. Samþykkt að mynda undirbúningshóp með fulltrúum DÁD, FRÆ, ALPJ, UPP og Landsbjargar.
13. Erindi frá Heimili og skóla – Friðhelgisstillingar: HS skýrði frá því að þetta erindi hefði verið áframsent á félagsforingja.
14. Fræðslumál: ÓP kynnti hugmyndir að nýskipan Gilwellþjálfunar. Samþykkt að vinna áfram að málinu í þessum anda.

Fleira ekki rætt

Fundargerð ritaði JA

Fundi slitið 20:15